

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Sira Friðrikssjóðs Laugarnessóknar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júlí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Síra Friðrikssjóðs Laugarnessóknar.

#### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöf, er stjórn K. F. U. M. í Reykjavík gaf í tilefni af 75 ára afmæli síra Friðriks Friðrikssonar 1943.

#### 2. gr.

Sjóðurinn heitir Síra Friðrikssjóður Laugarnessóknar.

#### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er að upphæð kr. 5000.00. Skal ávaxta það í Sparisjóði Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum eða á annan tryggan hátt. Framlög eða gjafir, sem sjóðnum berast, skulu lagðar við höfuðstól hans.

#### 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða. Vexti skal leggja við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 100 þúsund, þá er heimilt að nota  $\frac{1}{2}$  hluta vaxta þar til sjóðurinn er orðinn kr. 200 þúsund og úr því má nota  $\frac{3}{4}$  hluta vaxta sjóðsins.

#### 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja að vexti og útbreiðslu kristilegs æskulýðsstarfs innan Laugarnessóknar og í anda síra Friðriks Friðrikssonar á evangelísk-lútherskum grundvelli.

#### 6. gr.

Varzla sjóðsins er í höndum sóknarnefndar Laugarnessóknar.

#### 7. gr.

Sóknarnefnd ber að varðveita verðbréf sjóðsins og önnur skilríki á tryggum og eldföstum stað.

#### 8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega í reikningum Laugarnessóknar.

#### 9. gr.

Leita skal staðfestu forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

#### 10. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 20. júní 1968.

Hjörtur E. Guðmundsson,  
form.

Ástráður Sigursteindórsson,  
ritari.

Egill Th. Sandholt,  
gjaldkeri.

Ásta Jónsdóttir.

Friðgeir Grímsson.